



# Áveitan

11. tbl. 14. árgangur. Nóvember 2020

## Áheitaganga kvenfélaganna

Laugardaginn 24. október gengu kvenfélagskonur í Flóanum áheitagöngu. Gengið var milli félagsheimilanna í Flóahreppi, Félagslundar, Þjórsárvers og Þingborgar, alls 22 km leið. Tílefni göngunnar var að safna fyrir Sjóðinn góða, sem er sjóður sem styrkir efnaminni fjölskyldur fyrir jólahátíðina.

Veður var heldur hvasst á hópinn en göngugarpar létu það ekki á sig fá og voru alls um 40 manns sem gengu leiðina að hluta eða heild, bæði börn og fullorðnir. Yngsti göngugarpurinn var 6 ára og sá elsti 77 ára, einnig voru tveir ferfætlingar með í för. Gangan hófst kl. 10 að morgni við Félagslund og lauk kl. 14:30 við Þingborg. Allir sem vildu máttu taka þátt og voru þónokkrir fleiri en félagskonur sem mættu. Þökkum við öllum þeim sem sáu sér fært að ganga með okkur kærlega fyrir.

Það er skemmst frá því að segja að söfnunin gekk frábærlega vel, og söfnuðust alls 918.302 krónur til verkefnisins.

Kvenfélögin þakka kærlega þann hlýhug og velvild sem þessi fjáröflun hefur fengið og hlakka til að afhenda söfnunarféð til Sjóðsins góða.



Göngufólkið stíllti sér upp fyrir myndatöku við upphaf og lok göngunnar

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanne Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

## Frá sveitarstjóra

### Kæru íbúar og aðrir lesendur

Veturinn heilsar okkur með sibreytilegum listaverkum á himinhvolfinu í takt við fjölbreytileika veðurfarsins um leið og birtutíminn styttist dag frá degi. Fjölbreytileikinn gleður þá sem gefa sér reglulega stutta stund til þess að njóta og við eigum flest tíma aflögu til þess.

Í bland við reglubundin verkefni við bókhald, reikningagerð og eftirlit með fjármálum þá hefur fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2021 tekið drjúgan tíma í öllum stofnunum sveitarfélagsins og í samstarfsverkefnum. Miklu skiptir að vera hóflega bjartsýnn á aðstæður án þess að fara á óraunhæft flug með væntingar. Það hefur verið rekin varfærin fjármálastjórn hjá Flóahreppi og nú sem fyrr á óvissutímum þá kemur það sér vel. Afborganir lána ekki verulega íþyngjandi, viðhaldi fasteigna verið vel sinnt, jafnt og þétt á síðustu árum. Fjárhagsáætlunin hefur nú verið lögð fram til fyrri umræðu og næstu vikur fram að þeirri síðari notaðar til þess að skoða betur áherslur.

### Lækkun álagningarhlutfalls um 0,15%

Tekin hefur verið ákvörðun um að lækka álagningarhlutfall af fasteignum í c-stofni um 0,15 % frá fyrra ári. Með því leggur sveitarfélagið sitt af mörkum til þess að koma til móts við rekstraraðila á erfiðum tímum. Útsvarshlutfall verður óbreytt en gjaldskrár munu hækka um 3% frá fyrra ári.

### Styrkir til íþrótt- og tómstundarstarfs

Áfram verður stutt við fjölskyldur barna sem eiga lögheimili í Flóahreppi með hvatastyrkjum sem nema að hámarki 60.000 kr. á ári eins og verið hefur. Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

Auk þess leggur Velferðarráðuneytið til framlag til íþrótt- og tómstundastarfs barna tekjulágra fjölskyldna. Foreldrar eða forráðamenn þurfa að fara í gegnum persónulegan aðgang að island.is til þess að kanna hvort þeir eiga rétt á þessu framlagi sem nemur 45.000 kr. á hvert barn á aldrinum 6–16 ára.

Flóahreppur greiðir viðkomandi síðan tiltekna upphæð á uppgefið reikningsnúmer þegar staðfesting frá island.is liggur fyrir um að samanburður

við upplýsingar frá RSK leiði í ljós að réttur til styrksins sé til staðar hjá viðkomandi.

Á heimasíðu Flóahrepps hefur verið virkjaður rafrænn tengill fyrir umsóknir um **íþrótt- og tómstundastyrk Velferðarráðuneytis**. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370.

### **Viðbragðsteymi Flóahrepps**

Viðbragðsteymi Flóahrepps vegna Covid 19, sem samanstendur af forstöðumönnum stofnana, fulltrúum starfsmanna, fræðslunefndar, sveitarstjóra og sveitarstjórn Flóahrepps hefur fundað 13 sinnum frá upphafi faraldurs. Á þessum fundum er farið yfir breytingar á fyrirkomulagi og viðbrögð við breyttum reglum hverju sinni. Staða mála skoðuð og hvað megi betur fara ef það á við. Hópurinn er einnig stöðugt upplýstur rafrænt um stöðu mála á Suðurlandi í gegnum minnispunkta frá fundum almannavarna á Suðurlandi, og öll fyrirmæli sem koma frá heilbrigðisráðuneyti, sóttvarnarlækni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þetta þetta samstarf hefur auðveldað okkur allt utanumhald og gert alla markvissari og öruggari í sínum verkefnum. Það er ástæða til þess að þakka þessum góða hópi fyrir fagmannleg og góð vinnubrögð í alla staði. Þökk sé einnig góðum nettengingum sem gera öll þessi samskipti svo auðveld.

Með góðri ósk um góða heilsu og áframhaldandi varkárni og aðgát. Virðum sóttvarnarreglur og verum dugleg að minna hvort annað á þegar við gleymum okkur. Njótum heimavistarinnar og munum að **þetta líður hjá**.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

### **Íþróttastarf Þjótanda fellur niður**

Vegna hertra samkomureglna fellur allt íþróttastarf á Íslandi niður fram til 17. nóvember.

Íþróttastarf Þjótanda er þar ekki undanskilið og því verða hvorki íþróttæfingar né glímuæfingar næstu vikurnar.



Það er samt ekki bannað að hreyfa sig heima við, og að sjálfsögðu hvetjum við alla unga sem aldna til að stunda daglega hreyfingu sér til heilsubótar.

Stjórn Umf. Þjótanda

## Pistillinn

Ég þakka Einari í Egilsstaðakoti fyrir áskorunina og hlý orð í okkar garð hér á Hurðarbaki. Egilsstaðakotsfólkið hefur ekki látið sig vanta þegar eitthvað hefur þurft að gera til gagns eða skemmtunnar. Í framhaldi af þessu ætla ég að segja hér frá verkefni sem unnið var í sjálfboðavinnu af áhuga fyrir góðu málefni.

Árið 1988 var ákveðið að byggja hesthús á Sultarfit á Flóamannafrétti. Aðbúnaður hesta hafði lengi verið þar slæmur. Staðurinn á reginfjöllum og opinn fyrir öllum veðrum. Voru nætur þar oft kaldar og langar fyrir hesta sem komu úr erfiðum ferðum. Árið áður hafði hestur ofkælst þarna í illviðri og orðið að fella hann. Þetta atvik ýtti undir að ráðist var í þessa framkvæmd.

Ákveðið var að reisa húsið úr timbri og járn og skildi það rúma alla hesta sem þar kæmu í smalamennsku. Undirbúningur hófst á miðju sumri við teikningar og skipulag hússins. Farið var á staðinn og húsinu valinn staður og jarðvegur kannaður fyrir undirstöður. Gera þurfti nákvæman efnislista svo ekkert vantaði þegar komið væri á staðinn.

Næst tók við efnisöflun, töluverður hluti efnisins var notað og nýtt efni sem ýmsir lögðu til og það sem á vantaði lagði afréttarmálafélagið til verksins. Reynt var að vinna eins mikið fyrirfram eins og hægt var og undirbúa ferðina að öllu leiti vandlega. Loks kom að því að fara og reisa húsið. Þeir sem fóru í þessa ferð voru: Guðjón í Kolsholti, hann teiknaði húsið og var yfirsmiður. Steinþór í Oddgeirshólum flutti efnið á vörubíl. Guðrún á Ljónsstöðum var á öflugum traktor með ámoksturstækjum. Ásta á Skúfslæk sá um matinn. Sigurður á Skúfslæk á jeppa. Tryggvi í Hróarsholti, Skeggi á Skeggjastöðum, Þormóður í Hjálmholti, Einar í Egilsstaðakoti og undirritaður á jeppa með kerru.

Lagt var af stað að morgni dags og gekk ferðin vel þó sumar brekkurnar væru nokkuð erfiðar fyrir hlaðinn vörubílinn, en ökumaðurinn var einbeittur og lét ekkert stoppa sig. Komið var á áfangastað upp úr miðjum degi og strax tekið til starfa, mælt fyrir húsinu og byrjað að grafa fyrir undirstöðum o.s.frv. Er ekki að orðlengja það að um kvöldið var búið að steypa, smíða sperrur og undirbúa efni í vegg.

Snemma var hafist handa morguninn eftir, veggir reistir og um hádegi var byrjað að reisa sperrur og ganga frá súlum undir þær. Skipt var verkum þannig að vinnan nýttist sem best. Þannig vannst þetta hratt og örugglega. Ekki var hætt um kvöldið fyrr en húsið stóð fullbúið og frágengið að öllu leyti.

Það var stoltur og glaður hópur sem hélt heim á leið seint um kvöldið að loknu góðu verki.

Mig langar að lokum að skora á mína ágætu nágrennakonu, Ósk í Ástúni að skrifa pistil í næstu Áveitu.

Ólafur Einarsson,  
Hurðarbaki.



### **Frá Villingaholtskirkjugarði:**

#### **Tendrun leiðislýsingar**

Kæru sveitingar og aðrir aðstandendur leiða.

Eitt af því fáa sem helst samkvæmt venju þetta árið er að kveikt verður á leiðislýsingu í kirkjugarðinum í byrjun aðventu eða 28. nóvember.

Undanfarin ár höfum við óskað eftir framlögum frá ykkur, aðstandendum leiða, til að geta borgað rafmagn og séð um viðhald vegna leiðislýsingar í kirkjugarðinum. Við höfum sett miðað við kr: 2.500,- fyrir hvern kross sem settur er í garðinn, til að veða upp á móti kostnaði. Við höfum ekki farið í að senda rukkun fyrir hvern kross, og vonum að við þurfum ekki að gera það, aðeins er þetta vinsamleg beiðni til ykkar.

Flestum þykir okkur vænt um að sjá fallega upplýstan kirkjugarð á aðventu, það ber með sér umhyggju okkar fyrir þeim sem eru farnir. Leggja má inn á reikning Villingaholtskirkjugarðs, 0152-15-381326, Kt: 510489-1799.

Með fyrirfram þakklæti, Sóknarnefnd Villingaholtssóknar

# Uppskriftahornið

Ég er hér með þrjár uppskriftir sem mér hafa reynst vel.

## Þingborgarbrauð

500 gr heilhveiti

4 tsk þurrger

2 tsk salt

3 - 4 dl volgt vatn

Allt sett í skál, hnoðað vel og mótað í tvö brauð. Látið hefast í 1 klst.

Bakað í 30 - 40 mínútur neðst í ofni á 220°C

Breytt yfir brauðin á meðan þau kólna. Reyndar er gott að brauðin séu aðeins volg ef þau eiga að fara í frystinn, þá eru þau mjúk þegar þau þiðna.

Ég byrja daginn með því að borða þetta brauð með þykku lagi af smjöri og mysing. Gott með öllu.

## Fiskréttur

Ég má til með að hafa þessa uppskrift með, ég heyrði hana í útvarpinu fyrir löngu.

Sjóða fisk að eigin vali blíðlega.

Svissa lauk á pönnu í olíu. Þegar hann er orðinn fínn þá bætið þið við rifnum rófum eða gulrótum eða hvoru tveggja. Látið malla til að mýkja grænmetið. Þá ausið þið vel af fiskisoðinu yfir á pönnuna. Að lokum er þetta þykkt með hveiti hrærðu út í vatni. Mjög snyrtilegt og einfalt að leggja fiskinn ofan á pönnuna og bera fram beint á borðið.

## Svikinn héri

Að lokum er það svo uppskrift af sviknum héra sem alltaf þykir góður.

500 gr hakk (nautakjöt)

100 gr brauðraspur (ég hef stundum tekið út brauðraspinn og nota haframjöl í staðinn sem þykir mun betra).

Salt og pipar eftir smekk (eða annað krydd)

2-3 dl mjólk

1 egg

Það þarf að velta þessu svolítið vel í höndunum svo það þéttist.

Sett í ofnskúffu eða steikarpott ásamt  $\frac{1}{2}$  líter af mjólkurblandi og sett inn í ofn.

Fylgist vel með og ausið yfir annað veifið.

Nú orðið hef ég þetta nokkra litla héra sem ég steiki í djúpri pönnu með loki.

Munið að fylgjast vel með pönnunni, mjólkinn vill gjósa upp úr. Sósan er mjög góð, þarf bara að bæta út í sósulit og jafna með hveiti.

Að lokum skora ég á vinkonu mína hana Dísu, Eydísi Lilju Eiríksdóttur, að koma með uppskrift í næsta blað.

Aðalheiður Alfonsdóttir  
Ferjunesi II

---

## Fréttir frá Krakkaborg

Október mánuður bjartur og fagur hefur hjálpað til við að gleðja nemendur og starfsmenn

Krakkaborgar þrátt fyrir stöðuga ógn og váleg tíðindi sem berast. Starfið gengur vel og allir leggjast á eitt við að halda úti námi og notalegum stundum. Foreldrar hafa tekið öllum

sóttvarnaraðgerðum og frestunum sem hafa orðið vegna covid-19 af skilningi og ædruleysi. Við þökkum þeim kærlega fyrir góða samvinnu, svona baráttuþrek og samhugur er ómetanlegur fyrir skólastarfið.

Nemendur og starfsmenn skörтуðu bleiku á bleikum degi og unnu margvísleg listaverk í bleikum litum. Vonandi eru mömmur og aðrar konur duglegar að nýta sér allar bleikar auglýsingar og fara í skoðun. Nú sem aldrei fyrr er nauðsynlegt að huga vel að eigin heilsu.

Starfsmenn Krakkaborgar fengu námskeið á starfsdegi frá fyrirtækinu Hugarfrelsi um hvernig mætti hlúa að líðan nemenda og starfsmanna, draga úr kvíða og streytu, auka sjálfstraust og jákvæðni. Öll viljum við vera besta útgáfan af okkur sjálfum og Hugarfrelsi kennir ýmsar aðferðir til þess. Vináttuverkefnið frá Barnaheill, Blær, gengur vel í leikskólanum. Þar er einmitt unnið með vináttu og vellíðan með aðstoð lítills bangsa sem heitir Blær. Þann 8. nóvember er alþjóðlegur baráttudagur gegn einelti og af því tilefni völdum við í Krakkaborg að



Þá skyldi haldið upp á afmæli Blæs. Nemendur og starfsmenn munu gera sér og litlu böngsunum glaðan dag.

Brunaæfingar og jarðskjálftaæfingar hafa farið fram á öllum deildum leikskólans. Þessar æfingar snúa fyrst og fremst að því að sporna við ótta og því að upp komi fum og fát þegar bregðast þarf við. Rýmingar voru æfðar, allir æfðu stellinguna „Krjúpa, Skýla, Halda“ og mögulega eru einhverjir sem bíða spenntir eftir alvöru veseni til að geta gert þetta í alvöru aðstæðum. Skulum samt vona að nóg sé komið af veseni í bili og horfum spennt fram á veginn, enda styttist til jóla og litlir fingur farnir að útbúa ýmisleg spennandi leyndarmál sem munu lenda í jólaböggulunum þetta árið.

Bestu kveðjur, nemendur og starfsmenn Krakkaborgar

### **Frá Hraungerðiskirkju**

**Vegna aðstæðna í samfélaginu fellur fyrirhuguð messa sem vera átti þann 8. nóvember n.k. niður.**

**Sóknarnefnd**



### **Dagskrá mánaðarins**

Glímuæfing yngri	23. nóvember
Æfingar í Þingborg	23. nóvember
Glímuæfing eldri	24. nóvember
Glímuæfing yngri	30. nóvember
Æfingar í Þingborg	30. nóvember



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160